

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. ágúst 2015  
UST201507-072/B.S.  
10.05.06

**Efni: Framkvæmdaleyfi - Hamragil á Helligheiði, snjóflóðavarnir. Umsögn**

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi.

Um er að ræða framkvæmd innan iðnaðarlóðar sem þegar hefur verið raskað að hluta vegna ýmissa framkvæmda. Efni í garðinn alls 6.680 m<sup>3</sup> falla til við uppgröft vegna framkvæmda við Hverahlíðarlögn. Stærð framkvæmdasvæðis er um 1.800 m<sup>2</sup>.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um tiltölulega litla framkvæmd að ræða á svæði sem þegar hefur verið raskað. Engin efnistaka verður vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

